

# AÐALSKIPULAG SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS 2004-2016

## Viðaukar – ekki til staðfestingar

### **Viðauki I:**

Forsendur – ýmis göng

### **Viðauki II:**

Spurningakönnun

### **Viðauki III:**

Kynningarfundir ofl.

### **Viðauki IV:**

Umsagnir opinberra aðila

### **Viðauki V:**

Athugasemdir – afgreiðsla athugasemda

### **Viðauki VI:**

Samantekt á virkjanakostum í Neðri-Þjórsá

### **Viðauki VII:**

Minnispunktur um setlónssvæði og efnistöku vegna miðlunarlóna á  
hálendinu

Janúar 2006

**Viðauki VII: Minnispunktar um  
setlónssvæði og efnistöku vegna  
miðlunarlóna á hálendinu**

## **Minnispunktur frá Landsvirkjun (02.11. 2004) um setlónssvæði og efnistöku vegna miðlunarlóna á hálendinu:<sup>1</sup>**

Breytingar á skipulagi er taka til Norðlingaölduveitu eru í samræmi við úrskurð Jóns Kristjánssonar setts umhverfisráðherra frá 30. janúar 2003 á mati á umhverfisáhrifum Norðlingaölduveitu.

Samkvæmt úrskurði Skipulagsstofnunar á mati á umhverfisáhrifum Norðlingaölduveitu skyldi ef ráðist yrði í gerð Norðlingaölduveitu með lónshæð 575 m y.s. gera setlón vestan við Þjórsárlón.

Samkvæmt úrskurði J.K. er fallist á framkvæmdina miðað við lón í 575 m y.s. en með nokkrum skilyrðum m.a. að lónið verði lækkað þannig að allt lónið sé utan friðlands Þjórsárvera og hafi engin langtímaáhrif inn í friðlandið og að gert verði setlón vestan Þjórsárlóns utan friðlandsins með tilheyrandi leiðigörðum, stíflum og skurðum. (Í greinargerð með úrskurði ráðherra kemur fram að um sama setlón er að ræða og í úrskurði Skipulagsstofnunar en gert er ráð fyrir því að það verði nokkru stærra og að vatni verði veitt úr því til austurs í Þjórsárlón.)

Í samræmi við úrskurð ráðherra er gert ráð fyrir að myndurð verð tvö lón, Þjórsárjökulslón og Vesturkvíslalón, ofan friðlandsins, suður af Þjórsárjökli. Lónin hafa það hlutverk að veita vatni úr Vesturkvíslum yfir í Þjórsárlón og samhliða því minnka aurburð til Norðlingaöldulóns.

Efnistaka á setlónssvæði (Þjórsárjökulsveita) E4:

Meginhluti efnis í stíflur kemur úr námum innan stíflustæðis og úr námum sem áður hafa verið notaðar. Annað efni kemur úr nágrenninu og hvað varðar grjót verður því að hluta safnað saman úr grjótdreifum. Um er að ræða tímabundna námuvinnslu og verður gengið frá námunum í samræmi við lög og reglugerðir að vinnslu lokinni. Svæði innan lónstæða hverfa þegar lónin myndast og þar sem sýnileg námusvæði eru að mestu gróðurlítill eða gróðurlaus falla þau við veðrun fljótt að umhverfinu og ummerki hverfa.

Námusvæði sem sýnd eru á teikningum Landsvirkjunar eru í talsverðum yfirstærðum þannig að velja megí hentugustu efnistökusvæði innan þeirra þó einungis hluti þeirra verður fyrir raski vegna efnistökkunnar.

Fyllingarefni í Þjórsárjökulsstíflu er um 14 þús. m<sup>3</sup>. Kjarnaefni verður fengið úr fokmold sem er í námunda við stífluna. Síu og stoðfyllingarefni er áætlað að vinna úr fyrirhuguðum lónstæðum. Grjótvörn verður smalað en um 1,5 km norðvestan við stífluna er að finna grjótdreif.

Fyllingarefni í Vesturkvíslastíflu er um 270 þús m<sup>3</sup>. Kjarnaefni verður fengið úr jökulruðningi við suðurenda Vesturkvíslastíflu. Síu og stoðfyllingarefni verður tekið úr lónstæðinu. Grjót verður safnað úr grjótdreif frá norðurenda stíflunnar yfir að Þjórsárjökulskurði eða sprengt úr námu 3,5 km norðan við Þjórsárstíflu sem notuð var við byggingu 5. áfanga Kvíslaveitu. Efni úr þessari námu verður einnig notað í yfirfall Vesturkvíslalóns.

Uppgrefti úr skurðum verður jafnað á bakka þeirra og felldur að landslagi.

---

<sup>1</sup>Í aðalskipulaginu er ekki lengur gert ráð fyrir Vesturkvíslaveita og Þjórsárjökulsveita og er það í samræmi við afgreiðslu athugasemda sem gerðar voru við auglýsta tillögu að aðalskipulagi og auglýsta breytingu á svæðisskipulagi (sjá samþykkt samvinnunefndar frá 12. ágúst 2005 (Viðauki V) og samþykkt hreppsnefndar frá 6. September 2005).